

HVERNIG ER AÐ BÚA Í
ÚGANDA?



Drífa H. Kristjánsdóttir



Drífa H. Kristjánsdóttir er með BA gráðu í mannfræði frá Háskóla Íslands og MA gráðu í þróunarfræðum frá Institute of Social Studies í Haag í Hollandi. Frá 1997 - 2004 starfaði hún fyrir Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ), fyrst í Malaví og síðan í Úganda.

Í byrjun árs 2001 flutti Drífa til Úganda ásamt sambýlismanni og þrettán ára fósturdóttur og bjó þar í þrjú og hálf ár. Í Úganda starfaði Drífa við uppbyggingu fullorðinsfræðsluverkefna ÞSSÍ í fiskimannaþorpum í Kalangalahéarði við Víktóríuvatn, en hún og fjölskyldan bjuggu í Kampala og fjallar samantektin að mestu um lífið í höfuðborginni þar sem langflestir þróunar- og hjálparstarfsmenn búa.

Þessi samantekt er skrifuð að frumkvæði ÞSSÍ og er tilgangurinn að búa nýja starfsmenn og fjölskyldur þeirra undir dvöl í Úganda.

EFNISYFIRLIT

Inngangur	4	Hvað þarf að hafa með sér	11
Aðlögun	5	Samskipti kynjanna	12
Börn	6	Menning	13
Skólar	7	Afþreying og tómstundir	14
Tómstundir	8	Starfsmöguleikar	17
Heilsugæsla	8	Undirbúningur	17
Öryggismál	10	Lokaorð	18
Starfsfólk	11	Helstu heimildir	18

Gefið út af Þróunarsamvinnustofnun Íslands í apríl 2005 - Höfundur: Drífa H. Kristjánsdóttir
Umsjón: Sjöfn Vilhelmsdóttir - Umbrot og hönnun: Vilborg Anna Björnsdóttir
Forsíðumynd: Ágústa Gísladóttir - Prentun: Prentmet

ÚGANDA



INNGANGUR

Úganda hefur verið kölluð perla Afríku vegna stórbrotinnar náttúruvegurðar, gróðursældar og góðs loftslags. Landið liggur á miðbaug og er loftslag sérlega milt, hitastigið liggur á bilinu 26-30 gráður á daginn og árstíðaskipti eru lítil. Landið er mjög gróðursælt og vel fallið til ræktunar og fólk í sveitum hefur yfirleitt nóg að bíta og brenna þótt fátækt sé enn töluverð. Kampala er höfuðborg landsins og er talið að þar búi um tvær milljónir manna. Eins og víða í Afríku er mikill flutningur fólks til borganna og Kampala hefur þanist út á undanförunum áratugum. Bygging grunnvirkja hefur ekki haldist í hendur við aukinn íbúafjölda í borginni og er stór hluti byggðar utan skipulags og mikið álag á gatnakerfinu. Rafmagns-skömmun er algeng og í sumum hverfum er ekki rennandi vatn. Þrátt fyrir þessa hnökra er gott að búa í Kampala. Borgin er byggð á hæðum, loftslag er gott og eldri hverfi borgarinnar eru mjög gróin og græn. Í miðbænum er miðstöð verslunar og viðskipta og þar eru líka flestar alþjóðastofnanir og ráðuneyti staðsett. Á hæðunum umhverfis miðborgina eru íbúðarhverfi þar sem flestir útlendingar búa. Öll almenn þjónusta og starfsemi er á tiltölulega litlu svæði og því hefur maður á tilfinningunni að borgin sé miklu mun minni en íbúafjöldinn gefur til kynna. Umferðarþunginn er mikill í Kampala og það tekur smá tíma fyrir kurteisa evrópska öikumenn að tileinka sér aksturslag heimamanna sem er mun ágengara en við eigum að venjast. Það er hægt að lýsa umferðinni sem „skipulagðri kaos,“ auk þess er ekið á vinstri vegarhelmingi! Það tekur samt ótrúlega stuttan tíma að skipta um akrein og aksturslag og fyrr en varir verður maður heimavanur á götum borgarinnar. Heimamenn ferðast mest með *Matatu* sem eru „rúgbrauð“ og taka fjórtán farþega, og aftan á *boda-boda*, en það eru lítil mótórhjól sem virka eins og einmanns leigubílar. Ógrynni þessara farartækja í misgóðu ástandi eru á götunum og eykur það enn á umferðaröngþveitið.



Í Kampala er mannlíf fjölbreytt, borgin er suðupottur ólíkra menningarstrauma og fulltrúar hinna ýmsu þjóðarbrotar arka þar um stræti og torg. Fólk er almennt mjög viðræðugott og tekur útlendingum opnum örmum. Enska er opinbert tungumál í Úganda og tungumál stjórnsýslu og þjónustu. Það er auðvelt að komast af með það að tala „bara“ ensku í Kampala, en þegar komið er út á landsbyggðina taka afrísku tungumálin við. Landið hefur þróast mjög í lýðræðisátt á þeim tæpu tveimur áratugum sem liðnir eru síðan Museveni forseti og einflokkstjórn hans (sem í daglegu tali gengur undir nafninu The Movement) komst til valda. Pólítísk umræða er opinská, fjöldi frjálsra útvarpsstöðva er starfræktur um allt land og þó nokkur dagblöð eru gefin út. Tvö þeirra sem hafa mesta útbreiðslu eru skrifuð á ensku, svo auðvelt er fyrir útlendinga að fylgjast með þjóðmálunum.

AÐLÖGUN

Það er alltaf erfitt að taka sig upp og flytja á ókunnar slóðir. Samfélög Afríku eru við fyrstu sýn mjög framandi og fáar viðmiðanir þar að finna sem við þekkjum að heiman.

Samstarfslönd Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) eru meðal fátækustu ríkja í heimi og íslenskt starfsfólk sem starfar þar nýtur kjara sem eru mun betri en gengur og gerist meðal almennings í löndunum. Það að koma úr samfélagi þar sem tiltölulega mikill jöfnuður ríkir eins og á Íslandi og mæta fátækt á þeim mælikvarða sem þekkest víða í suðrinu getur verið býsna flókið og krefst mikillar aðlögunar hjá allri fjölskyldunni. Þau sem eru útivinnandi þurfa að takast á við nýtt starf þar sem starfsumhverfi og aðstæður eru um margt ólíkar því sem við þekkjum að heiman. Á sama tíma eru hin sem eru heimavinnandi að fóta sig í nýju umhverfi og hafa heimilishaldið og umönnun barna á sinni könnu, en þau eru líka að fóta sig í nýju málaumhverfi og skólakerfi. Það er því óhætt að segja að fyrstu mánuðirnir geta verið erfiðir fyrir alla fjölskylduna. Það tekur tíma að koma sér fyrir, að rata um borgina og finna út hvar nauðsynjar fást og hvar hentar best að versla. Það er ákaflega mikilvægt að fólk taki sér tíma í að aðlagast nýjum aðstæðum, hlúi hvert að öðru og ætli sér ekki um of.



Mynd: Bára Guðmundsdóttir

Reynslan hefur sýnt að þau sem eru heimavinnandi eiga oft í mestum erfiðleikum með að aðlagast nýjum aðstæðum og geta einangrast inni á heimilinu. Það er því mjög mikilvægt fyrir þann sem er heimavinnandi að fara strax að keyra eða koma sér upp bílstjóra til að geta farið um og jafnframt vinna í því að búa sér til tengslanet, t.d. í gegnum skólana eða tómstundastarf.

BÖRN

Það er að mörgu leyti auðvelt að vera með börn í Kampala þótt flest sé þar með ólíkum hætti en á Íslandi. Börn eiga oft auðveldara að aðlagast nýjum aðstæðum og takast á við nýja hluti en fullorðnir. Ef fólk er með ungabörn þarf helst að hugsa um að halda þeim í skugga, en loftslagið er mjög milt og verður aldrei óþægilega heitt. Loftkælingar eru t.d. nær óþekktar í húsum í Úganda. Ekki er mikil hætta á niðurgangspæstum eða slíku ef venjulegar varúðarráðstafanir eru gerðar varðandi matartilbúning og drykkjarvatn.

Fyrir börn á forskóla- og skólaaldri er það auðvitað mikil breyting að skipta um skóla, koma í nýtt málaumhverfi og hitta börn frá ólíkum menningarsvæðum. Það er líka mikil breyting fyrir þau að þurfa að fara allra sinna ferða í fylgd með fullorðnum og það að „fara út að leika sér“ takmarkast við garðinn heima. Þessar nýju aðstæður geta kallað fram kvíða sem brýst fram í andlegum og líkamlegum einkennum. Líkamleg einkenni geta verið magaverkur og niðurgangur en andleg einkenni t.d. svefntruflanir og depurð.

Það er mikilvægt fyrir foreldra að vera vel á verði gagnvart þessum einkennum og reyna að styðja barnið við að taka sín fyrstu skref inn í nýtt samfélag. Þetta er hægt að gera með því að komast að því hvað er erfiðast að sætta sig við í umhverfinu án þess þó að magna það upp sem vandamál. Sjálfsagt er að fylgjast mjög vel með svefni, jafnvel hjá stálpuðum krökkum, því álagið brýst oft fram í erfiðleikum með svefni. Ef vel tekst til með aðlögun barna biður þeirra skemmtilegur og þroskandi tími þar sem þau fá tækifæri til að takast á

við ný verkefni og heim sem er ólíkur þeim sem þau þekkja að heiman.

Hugsanlega er erfiðast að vera með börn á unglingsaldri í Kampala. Unglingamenning eins og þekking í vestrænum samfélögum er varla til og félagslíf einskorðast við skólana. Athafnafrelsi krakka á þessum aldri er mun takmarkaðra en á Íslandi og einnig er miklu minna um að vera. Á móti kemur að unglíngunum gefst tækifæri til að kynna krökkum frá öllum heimshornum og fá innsýn inn í nýjan menningarheim, jafnframt því þeim gefst kostur á að nota ensku sem aðalmál og taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi þar sem kennslan er miklu mun persónulegri en í framhaldsskólum á Íslandi.

Skólar

Almenna skólakerfið í Úganda hefur byggst upp eftir breskri fyrirmynd. Sökum mikillar fólksfjölgunar er það undir miklu álagi, algengt er að 70 - 100 börn séu í hverjum bekk og stöðugur skortur er á kennurum. Kennsluáferðir og gæði námsefnis er líka ólíkt því sem við eigum að venjast og er því ekki raunhæft að ætla að íslensk börn gangi í hverfisskóla. Í Kampala eru nokkrir einkareknir alþjóðaskólar og þangað sækja börn útlendinga og betur staddra Úgandabúa menntun. Þeir stærstu eru The International School of Uganda, Kabira International School og Rainbow International School. Ambrosoli International School sérhæfir sig í kennslu fyrir yngri börn og í „franska skólanum“ er kennt á frönsku eins og nafnið bendir til. Skólar eiga það sameiginlegt að þar stunda nemendur frá öllum heimshornum nám og kennaraliðið er líka alþjóðlegt, þótt mest beri kannski á breskum og bandarískum þegnum. The International School of Uganda er rekinn að bandarískri fyrirmynd og menntar krakka frá forskólaaldri og upp að háskólanámi. Skólinn býður upp á IB nám fyrir þau eldri, en það er einskona alþjóðlegt stúdentspróf. Rainbow International School byggir á breskri fyrirmynd og býður líka upp á nám fyrir börn frá forskóla og upp að 18 ára aldri. Nemendur þaðan útskrifast með A levels próf sem er breskt ígildi stúdentsprófs. Íslensku börnin hafa verið í Kabira International School sem býður upp á nám fyrir börn á aldrinum þriggja til sextán ára. Kennslufyrirkomulagið er að breskri fyrirmynd. Elstu nemendur þreyta O levels próf og eiga þá eftir tvö ár til stúdentsprófs eða A levels.

Allir þessir skólar eru ágætir valkostir fyrir börnin og það er sjálfsagt fyrir foreldra að kynna sér vel hvað hinir ýmsu skólar hafa upp á að bjóða til að finna þann valkost sem hentar best. Allir alþjóðlegu skólarnir bjóða upp á aðlögun fyrir nýnema og stuðningskennslu í ensku fyrir þau sem eru að fóta sig í nýju tungumáli. Reynslan hefur sýnt að það tekur börn svona þrjá til sex mánuði að fóta sig í náminu en stuðningurinn er einstaklingsbundinn og er til staðar eins lengi og barnið þarf á honum að halda. Foreldrar eru mjög hvattir til að taka þátt í skólastarfinu og öflug foreldrafélög starfa við skólana. Þetta er góður vettvangur til að kynna fólk sem á börn á svipuðum aldri. Það er gjarnan mikið félagslíf í kringum skólastarfið og þátttaka í því hjálpar nýfluttum fjölskyldum að mynda tengsl við aðra sem eru í landinu á svipuðum forsendum.

Tómstundir

Skólarnir fullnægja að miklu leyti tómstundapörf barna. Þar eru starfandi „eftirkólaklúbbar“ þar sem boðið er upp á alls konar tómstundir, íþróttaiðkun og tónlistarnám. Þar fyrir utan geta krakkar tekið þátt í ýmiskonar tómstundastarfi.

Tónlistarskóli er starfræktur í Kampala (Kampala Music School) sem ætti að fullnægja þörf barna fyrir tónlistarnám, auk þess sem margir notfæra sér þjónustu sjálfstætt starfandi tónlistarkennara sem koma þá heim og kenna börnum.

Kampala Kids League (KKL) eru frjáls félagasamtök sem reka öflugt íþróttastarf fyrir börn og unglinga í Kampala. Þar er hægt að æfa fótbolta, hornabolta og körfubolta. KKL tekur á móti stelpum og strákum frá fjögurra til sextán ára og hittast krakkar úr hinum ýmsu skólum í borginni og æfa saman. Fjöldmörg úgandísk börn æfa með KKL og er þetta því góður vettvangur fyrir erlend börn að kynna heimamönnum.

Ágætur reiðskóli fyrir börn er starfræktur í Speke Resort í Munjonjo sem er eitt af úthverfum Kampala. Kennarinn er franskur og kennir evrópskar reiðlistir, þar með talið hindrunarstökk og þessháttar.

Ballett- og dansskóli er starfræktur í Kampala. Námið hentar byrjendum á aldrinum fjögurra til tólf ára og er ágætis afþreying.

Yngri kynslóðin getur auðvitað líka spilað tennis, verið í golfi, farið á siglinganámskeið og tekið þátt í öðrum tómstundum með fjölskyldu og vinum.

HEILSUGÆSLA

Í Kampala eru starfandi margar heilsugæslustöðvar. Flestir útlendingar notfæra sér annaðhvort þjónustu The Surgery eða The International Medical Centre. Báðar stöðvarnar bjóða upp á svipaða alhliða þjónustu, sólarhringsbakkvakt og sjúkrahilapjónustu. Á The Surgery er starfandi ljósmóðir sem veitir alhliða þjónustu við verðandi og nýbakaðar mæður og tekur á móti börnum.

Ef koma upp þær aðstæður að fólk þurfi að fá meiri umönnun en hægt er að veita á sjúkrahúsnunum í Kampala er leitað til sjúkrahúsa í Kenýa og Suður-Afríku fyrir milligöngu lækna. Allt starfsfólk PSSÍ, makar og börn hafa sjúkratryggingu sem stendur straum af slíkum kostnaði.

Tannlæknaþjónusta í Kampala er ódýr og góð og þar er hægt að fá alla þjónustu varðandi tannviðgerðir, réttingar og krónusmiði. Hægt er að mæla með tannlæknastofum Dr. Alikar,



Jubilee Dental Practice og Pan Dental Surgery sem allar veita góða þjónustu.

Lyfsala í Úganda er nokkuð ólík því sem þekkt á Vesturlöndum. Aragrúi lyfjaverslana er í Kampala og allir geta keypt lyf án lyfseðils viti þeir á hverju þeir þurfa að halda. Algengt er að almenningur noti starfsfólk lyfjaverslana eins og lækna, fari og lýsi sjúkdómseinkennum og kaupi lyf í samráði við afgreiðslufólkið. Úrval lyfa er hins vegar takmarkað en heilsugæslustöðvarnar sem nefndar eru hér að ofan reka apótek þar sem hægt er að nálgast öll algeng lyf. Ef starfsfólk eða fjölskyldur þeirra þurfa að taka lyf að staðaldrí, er ágætt að taka með sér nokkurra mánaða birgðir í upphafi farar á meðan verið er að finna út hvar hægt er að kaupa lyfin í Kampala.

Ennþá er malaría sá sjúkdómur sem leggur flesta landsmenn að velli, og herjar sérstaklega á börn og þungaðar konur. Malaríuberandi moskítóflugur eru samt ekki útbreitt vandamál í Kampala. Þó er sjálfsagt að fara varlega, taka fyrirbyggjandi lyf eða sofa undir moskítóneti og bera á sig smyrsl til að verjast bitum. Moskítónet er hægt að fá víða í verslunum og einnig er hægt að láta sérsauma net ef það hentar betur. Malaría er algengur sjúkdómur víða á landsbyggðinni og í löndunum í kring, t.d. á ströndum Kenýa og Tansaníu. Læknar ráðleggja fólki sem ferðast, bæði innanlands og til nágrennalandana, að taka fyrirbyggjandi lyf og gera ráðstafanir til að verja sig bitum. Smyrsl og úðar til að verjast bitum fást víða í Kampala og einnig er sjálfsagt að taka með sér „kit“ til að gera malaríupróf og lyf við malaríu ef farið er í lengri ferðalög. Einnig ættu allir að hafa með sér sjúkrakassa í ferðalögum með lyfjum sem vinna á algengum sjúkdómum (s.s. niðurgangspæstum og öðru þess háttar), sóttthreinsandi og sáraumbúðir. Læknisþjónusta er víða léleg og tæki til sjúkdómsgreininga ekki til staðar. Hægt er að fá ráðleggingar og nálgast þessi lyf á heilsugæslustöðvunum í Kampala.

Alnæmi er útbreiddur sjúkdómur í Úganda þó að smittidögn hafi minnkað á síðustu árum. Ekki er enn farið að dreifa alnæmislyfjum án endurgjalds í Úganda en verð þeirra hefur lækkað mikið á undanförunum árum og nú er svo komið að fólk úr millistétt ræður við að



Mýnd: Agústa Grísiadóttir

kaupa alnæmislyf og auka þannig lífslíkur sínar. Gengi sjúkdómsins er mörg ár og það er ekki fyrir en á seinni stigum hans að fólk kennir alvarlega lasleika og missir þrótt. Alnæmisveiran smitast við kynmök, með sýktu blóði eða ef notaðar eru nálar sem hafa komist í snertingu við veiruna. Meðal Úgandabúa hefur þessi sjúkdómur mjög ákveðinn kynjavinkil, og smitast fyrst og fremst frá körlum til þeirra kvenna sem þeir hafa kynferðislegt samneyti við. Mikilvægt er að stunda ábyrgt kynlíf og hafa í huga að smittidögnin á meðal einstakra hópa eins og t.d. vændiskvenna er ískyggilega há.

Alnæmi smitast ekki við venjulega umgengni, snertingu eða kossa. Fólk þarf því ekki að hafa áhyggjur af því að innlent starfsfólk, hvort sem er á heimilum eða á vinnustað sé smitað. Það að hlaupa undir bagga varðandi lyfjakaup og læknisþjónustu alnæmissmitaðs starfsfólks getur skilið á milli lífs og dauða.

ÖRYGGISMÁL

Kampala er að öllu jöfnu örugg borg að búa í, en sjálfsagt er þó að fara að öllu með gát, sérstaklega í upphafi dvalar, meðan umhverfið er ókunnugt. Allt starfsfólk PSSÍ hefur sólarhringsgæslu við heimili sín og neyðarhnappa sem tengjast beint miðstöð öryggisgæslufyrirtækis. Öryggisgæslan kemur að nokkru leyti í stað almennrar löggæslu, en aðbúnaður lögreglunnar er á þann veg að hún eru til dæmis ekki í stakk búin að sinna útköllum með litlum fyrirvara. Skipulag borga í Afríku er líka ólíkt því sem þekkest á Íslandi, götur yfirleitt ekki merktar og hús án númera. Það getur því tekið lögregluna dágóða stund að koma á vettvang komi eitthvað upp á.

Þjófnaður úr bílum er vandamál í Kampala, t.d. þegar stöðvað er á götuljósum og því góð venja að læsa sig alltaf inn í bifreiðinni á ferð. Einnig er til í dæminu að speglum eða ljósum sé stolið af bílum þar sem þeim er lagt og er því sjálfsagt að reyna að leggja bílum í staði þar sem er gæsla. Aldrei skal fara frá bifreið ólæstri.

Vasapjófnaður eða árásir á fólk á götum úti eru afar sjaldgæfar, en alltaf er ágætt að sýna ákveðna varúð, t.d. að vera ekki á ferli hversdags með áberandi dýra skartgrip, eða stórar peningaupphæðir.

Það er óhætt að vera á ferli í Kampala á kvöldin og nóttunni í bíl rati maður um borgina. Þó fylgir því áveðin slysaþætta, því víða eru götur illa lýstar og svo hitt að margir aka undir áhrifum áfengis. Algengasta dánarorsök útlendinga í Úganda er af völdum bílslysa og oft er Bakkus þar með í för. Eins og í öðrum stórborgum getur verið varasamt að vera ein(n) á ferli fótgangandi um nætur.

Ferðalög innan Úganda takmarkast af átökum í norður- og norðausturluta landsins. Í norðurhluta landsins, norðan við ána Nil og upp að landamærum Súdan hefur borgarastyrjöld geisað frá 1986 og viðvarandi átök eru í héruðum Karamajong hirdingjanna sem búa í norðausturlutanum við landamæri Kenýa. Friður hefur verið saminn við skæruliða sem herjuðu á Úganda frá Austur-Kóngó (DRC) í vesturluta landsins en einstaka sinnum blossa þar upp átök. Það svæði er þó talið hættulaust ferðamönnum um þessar mundir. Ferðamannastraumurinn liggur því aðallega um suðvestur- og miðhluta landsins og þar eru margir fallegir staðir að skoða.

STARFSFÓLK

Í Úganda eins og flestum ríkjum Afríku er algengt að ráða fólk til starfa á heimilinu, t.d. við þrif og þvotta, matargerð, innkaup og barnagæslu. Þetta á jafnt við um betur stadda Úgandabúa og útlendinga. Sjálfsagt er að kynna sér vinnulöggjöfina í landinu og gera formlegan ráðningarsamning við starfsfólk þar sem réttindi og skyldur eru tíunduð. Fólki er nokkuð í sjálfsvald sett hvernig það semur um kaup og kjör, en á skrifstofu ÞSSÍ í Kampala er til launatafla sem hægt er að nota til viðmiðunar.

HVAÐ ÞARF AÐ HAFAN MEÐ SÉR?

Kampala er stór borg á mælikvarða Afríku og þar er flest að finna sem fólk þarf á að halda dags daglega. Þarfir fjölskyldna eru misjafnar eftir samsetningu og erfitt að gefa tæmandi upplýsingar um hvað þarf að taka með sér. Hægt er að leigja minni íbúðir með húsgögnum en algengara er að þurfa að innréttu íbúðir frá grunni. ÞSSÍ leggur starfsfólki til nauðsynlegan húsbúnað og heimilistæki samkvæmt húsgagnalista. Úrval heimilistækja er gott og einnig er hægt að fá tölur og slíkan búnað á góðu verði. Auðvelt er að nálgast ódýr basthúsgögn og skrautmuni á mörkuðunum í Kampala en sérstakar verslanir með húsgögn og húsbúnað eru fáar og úrval þar fábreytt. Sumir hafa farið út í það að láta sérsníða fyrir sig húsgögn, enda nóg framboð á úrvalsviði og ágæt trésmiðaverkstæði í borginni.

Þótt úrval á fatnaði og skóm sé að verða meira getur verið erfitt að fá fót við hæfi, og innfluttur fatnaður, aðallega frá Suður-Afríku, er töluvert dýr miðað við almennt verðlag í landinu. Í miðborginni er stór markaður með notuð fót (Ovino Market) þar sem hægt er að gera góð kaup á hversdagsfötum, t.d. stuttbuxum og bolum svo eitthvað sé nefnt en erfitt getur verið að finna formlegan fatnað við hæfi, t.d. vinnu- eða samkvæmisfatnað. Þá getur verið erfitt að finna amennilega skó bæði á börn og fullorðna. Sérhæfður fatnaður, eins og íþróttaföt, hlaupaskór, sundföt og annað eru heldur ekki til í miklu úrvali. Hægt er að kaupa tjöld og viðleguútbúnað í Kampala en útilegufatnað s.s. flísfatnað og annan skjólfatnað og gönguskó þarf að taka með sér. Foreldrar ættu líka að hugsa um að pakka leikföngum fyrir börnin og einnig öryggisbúnaði eins og barnabílstólum og barnastólum til að nota heima við. Vegna umferðarþungans og ástands vega er vart óhætt fyrir börn (eða fullorðna) að vera úti á götum á hjólum, hjólabrettum, línuskautum eða slíku nema í einstaka íbúðarhverfi.

SAMSKIPTI KYNJANNA

Í Úganda, eins og víða í Afríku er hjónabandið sem stofnun ólíkt því sem við þekkjum í okkar menningu. Hjón hafa t.d. ekki sameiginlegan fjárhag og mjög erfitt er að leysa upp hjónabönd sem til er stofnað. Samkvæmt hefðum gengur land í erfðir frá föður til sona og hafa því konur einungis aðgang að landi í gegnum eiginmann sinn eða bræður. Þessar hefðir gera það að verkum að staða kvenna innan hjónabandsins getur verið erfið. Stjórnvöld í Úganda eru undir töluverðum þrýstingi til að bæta stöðu kvenna að þessu leyti og fyrir þinginu liggur nýtt frumvarp um hjúskaparlög. Ef það fæst samþykkt, kemur lagaleg staða kvenna innan hjónabands til með að batna umtalsvert.

Félagsleg staða fólks, bæði karla og kvenna breytist mikið við barneignir. Samkvæmt hefðinni kemst fólk (bæði konur og karlar) þá fyrst í tölu fullorðinna, þegar það hefur eignast afkomanda. Það eru fá merki um það að þetta sé að breytast, börn eru álitin mikil blessun og foreldrar vaxa í álitu með hverju barni sem þeim fæðist. Fæðingartíðni í Úganda er ein sú hæsta í heimi, hver kona getur átt von á að fæða sjö börn á ævinni. Karlar eiga gjarnan börn með fleiri en einni konu sem veldur auðvitað ákveðinni togstreitu innan hjónabandsins. Samkvæmt hefðinni bera konur frumábyrgð á ummönnun lítilla barna, en þegar þau vaxa úr grasi getur faðirinn gert tilkall til þeirra búi foreldrarnir ekki saman. Það eru vísendingar um að menntaðar konur úr millistétt sem búa í borgum séu að draga úr barneignum, en almennt séð er notkun getnaðarvarna lítil og fólki finnst mikilvægt að eiga sem flest börn. Stjórnvöld sjá það ekki sem forgangsverkefni að draga úr fólksfjölguninni en hvetja fólk til að eiga ekki fleiri börn en það geti alið önn fyrir og komið til mennta.

Formlega er staða kvenna í Úganda tiltölulega góð enda tryggir ný stjórnarskrá landsins jafnrétti karla og kvenna. Konur eru um þriðjungur þingmanna og sjást einnig á ráðherra-stólum. Samkvæmt lögum á þriðjungur sveitarstjórnenda líka að vera konur. Sífellt fleiri



stúlkur klára framhaldsskóla og skila sér inn í háskólana. Það er mikil samkeppni um pláss í háskólum og komast mun færri nemendur að en vilja. Elsti háskólinn í Úganda, Makerere University, sem er jafnframt einn virtasti háskóli austur Afríku, var karlavígi fyrir nokkrum árum en nú eru konur um þriðjungur útskriftarnema.

MENNING

Eins og flest þjóðríki Afríku er Úganda litríkt fjölmenningsamfélag. Landið byggja margir ólíkir ættbálkar og þar eru töluð 43 tungumál. Það er hægt að skipta þjóðflokkum sem búa í Úganda upp fjóra meginflokka sem m.a. eru skilgreindir eftir því af hvaða stofni tungumál þeirra eru. Þeir eru Bantu þjóðflokkurinn sem er mest áberandi í suður- og vesturhluta landsins, fólk sem talar mál af Nilotic-stofni sem býr í norðurhluta landsins og á landamæri að Súdan, Karamojong og fleiri ættbálkar sem búa í norðausturhlutanum með landamæri að Kenýa og tilheyra Nílar-hamíta þjóðflokknum, og að lokum er það Sudanic þjóðflokkurinn sem býr í norðvesturhluta landsins með landamæri að Austur-Kóngó og Súdan. Þessir þjóðflokkar skiptast upp í fjölda ættbálka sem hver hefur sína siði og venjur og er því óhætt að segja að í landinu sé suðupottur ólíkra menningarstrauma. Töluvert margir Indverjar búa í landinu og eru áhrif þeirra í verslun og viðskiptum áberandi í höfuðborginni. Talið er að í Úganda séu yfir 200 þúsund flóttamenn, aðallega frá Súdan, Austur-Kóngó og Rúanda. Sumir hverjir hafa dvalið í landinu í áratugi og setja sinn svip á menningu og þjóðlíf. Á nýlendutímanum bjuggu ekki margir Evrópubúar í landinu, fyrir utan þá sem störfuðu í stjórnsýslunni. Ræktarland og jarðir eru til að mynda að mestu leyti í höndum innfæddra.

Trúarlíf er með miklum blóma í Úganda. Bæði kristni og Islam eru í mikilli uppsveiflu og um þessar mundir eru sérstaklega áberandi áhrif bandarískra hvítasunnusafnaða. Almennt séð er fólk mjög opinskátt um trúariðkun sína og fáir játa sig trúleysingja. Fólk er almennit formlegt í fasi, þör leiðast t.d. ekki út á götum eða sýna tilfinningar sínar opinberlega.



Mynd: Jón Geir Pétursson

Klæðaburður er líka formlegur, almennt ganga konur ekki um í stuttum pilsum eða flegnum blússum og enginn kemur til vinnu í stuttbuxum og sandölum þótt veðrið bjóði sannarlega upp á það.

AFÞREYING OG TÓMSTUNDIR

Það fyrsta sem þarf að gera við komuna til Kampala er að útvega sér eintak af The Eye sem er gefið út fjórum sinnum á ári og dreift ókeypis í borginni. Í þessum bæklingi er að finna það sem helst er að gerast í félagslífi og tómstundum í borginni og nágrenni auk alls konar nýtsamra upplýsinga fyrir nýkomna. Hér á eftir er drepð á nokkrum afþreyingarmöguleikum.

Ef áhugi er á íþróttaiðkun þá eru nokkrar góðar líkamsræktarstöðvar í Kampala, t.d. á Sheraton hótelinu og svo Kabira Country Club, sem er á sama stað og Kabiraskólinn. Á báðum stöðum eru sundlaugar sem gestir hafa aðgang að, sem og tennis- og squashvöllir. Í Speke Resort í Munjonjo, í útjaðri Kampala er eina 50 metra laugin í borginni og þar er líka tækjasalur og tennisvöllir.

Alþjóðlegi hlaupaklúbburinn Hash House Harriers (HHH) hittist á mánudögum kl. 18.00 og hlaupa saman og borða svo og spjalla á eftir. Þetta er góður vettvangur til að hitta fólk, og til að kynnst borginni, því á hverjum mánudegi er farin ný hlaupaleið. Í tengslum við þennan hlaupahóp eru skipulagðir aðrir atburðir sem gaman er að taka þátt í. Á hverju ári er t.d. hlaupið á hæðir Kampala (The Seven Hills of Kampala Run) sem er u.þ.b. 20 km langt hlaup um borgina. Hægt er að fá upplýsingar um hvar HHH hittast hjá móttökuriturunum í The Surgery og þær vísa þér líka leiðina ef þú ratar ekki.

Í næsta nágrenni Kampala eru starfræktir tveir siglingaklúbbar, Kaazi og Entebbe Sailing Club. Kaazi klúbburinn er í úthverfi Kampala og þar er rekið nokkuð öflugt starf, bæði fyrir

börn og fullorðna. Hægt er að leigða seglbáta og námskeið eru haldin reglulega sem henta bæði börnum og fullorðnum. Einnig er hægt að læra á seglbretti og fá þau leigð. Entebbe Sailing Club er í Entebbe, sem er u.þ.b. 40 km frá Kampala. Þarna er líka hægt að fá leigða báta og bretti. Í Entebbe klúbbnum er líka sundlaug og afþreying fyrir börn og meira um það að fjölskyldur komi og eyði deginum án þess endilega að fara að sigla. Í báðum klúbbnum þarf fólk að gerast meðlimir til að geta nýtt sér aðstöðuna sem boðið er upp á.

Fínn 18 holu golfvöllur er í miðborg Kampala. Þar er hægt að fá golfkennslu og leigja golfsett. Völlurinn er nokkuð ásetinn og mikið álag á honum á annatíma, eftir vinnutíma og um helgar. Í Entebbe er annar golfvöllur, sem ekki er eins mikið lagt í, en meðlimagjaldið er líka lægra. Í Entebbe stíga margir sín fyrstu skref í golfinu og færa sig svo yfir til Kampala þegar þeir hafa náð betri tókum á íþróttinni.

Borgin Jinja liggur u.þ.b. 80 km austur af Kampala. Hún er nálægt upptökum Nílar sem er lengsta fljót álfunnar og undanfarin ár hefur þar verið að byggjast upp ferðamannaþjónusta sem nýtir sér afþreyingarmöguleika árinna. Í Jinja er hægt að stunda ýmis konar vatnaþróttir, kajaksiglingar, flúðasiglingar og líka er hægt að fara með börn í styttri eða lengri siglingar. Einnig er hægt að fara í teygjustökk, klifra á klifurvegg eða leigja fjórhjól (hentar bæði börnum og fullorðnum). Jinja er skemmtilegur staður til að eyða helginni og þar er úrval af gístimöguleikum.

Í Kampala eru tvö kvikmyndahús. Annað þeirra er í einu verslunarmiðstöðinni í borginni (Garden City Mall) og hitt er í miðbænum. Sömu rekstaraðilar reka bæði húsin, samtals fjóra bíósali. Aðallega eru sýndar myndir frá Bandaríkjunum, þær koma fjótt til Kampala og stoppa stutt við. Síðasta Harry Potter myndin var t.d. sýnd í Kampala áður en hún kom í kvikmyndahús á Íslandi. Einnig eru haldnar kvikmyndahátíðir reglulega, þá gjarnan í tengslum við menningarkynningar einstakra landa. Vert er að fylgjast með þessum kynningum því þarna eru oft skemmtilegar bíómyndir sýndar, bæði fyrir börn og fullorðna.

Leikhúslíf í Kampala er heldur fábreytt miðað við það sem við þekkjum á Íslandi, en þó eru þar rekin nokkur áhugaleikhús. Kampala Amateur Drama Society (KADS) er aðgengilegast fyrir útlandinga, því allar þeirra sýningar eru á ensku. Þau setja upp nokkrar sýningar á ári í Þjóðleikhúsi Úganda (The National Theater). Hápunktur starfsins er jólaleikritið, eða Pantomine að enskum sið, þar sem klassísk ævintýri eru endurskrifuð og staðfærð og hlýst af hin besta skemmtun bæði fyrir börn og fullorðna. Það er alltaf pláss fyrir áhugasamt fólk að taka þátt í uppsetningunum, hvort sem það er á sviðinu eða baksviðs.

Þeir sem vilja syngja í kór eða spila bridds geta fundið félagið við hæfi í Kampala (sjá The Eye) og einnig er hægt að fara í gönguferðir í nágrenni borgarinnar með Nature Uganda. Sá

félagsskapur hittist einu sinni í mánuði og gengur saman. Þetta er skemmtileg leið til að kynnast umhverfi Kampala.

Vert er að fylgjast með menningarstarfsemi Alliance Francais og The German Ugandan Culture Club, en þar eru regluglega haldnar uppákomur, tónleikar, leiksýningar eða annað þvilíkt. Alliance Francais býður líka upp á frönskunám, bæði fyrir byrjendur og lengra komna.

Aristoc bókabúðirnar er vert að heimsækja, en þar er ágætt úrval bóka og ritfanga. Einnig er hægt að panta bækur þar og tekur það þá nokkrar vikur. Önnur Aristocbúðin er á Kampala Rd og hin er í Garden City Mall. Það er líka óhætt að panta bækur og geisladiska frá Amazon og tekur það svona tvær vikur að berast til landsins.

Í Kampala er fjörukt næturlíf og nokkrir skemmtilegir barir og veitingahús. Úgandabúar vinna frameftir og fara seint að sofa og á helgum er hægt að dansa fram á morgun. Í veitingahúsaflórinni eru indversk áhrif töluvert áberandi, en annars er hægt að fá mat frá öllum heimshornum, tælenskan, kínverskan, eþíópískan, ítalskan, franskan, nú eða úgandískan mat. Það er helst að skyndibitameningunni sé ábótavant, en með tilkomu Garden City Mall hefur nú svolítið ræst úr.

Það er bæði ódýrt og gaman að kaupa í matinn í Kampala. Á mörkuðunum er mikið úrval ávaxta og grænmetis og gott úrval kjötvöru er til í sérverslunum eins og Quality Cuts á Gaba Road eða Ranchers í Garden City Mall. Í stórmörkuðunum er flest það til sem þarf til heimilisins og er vöruúrval sífellt að aukast. Nokkur bakari eru líka rekin í borginni.

Það eru hárgreiðslu- og snyrtistofur á hverju horni í borginni, enda konum (og körlum) mjög annt um útlit sitt. Nokkrar stofur eru til sem sérhæfa sig í að klippa evrópskt hár. Hægt er að nefna til sögunnar Mario og Nash, Swiss Cut og Tass. Snyrtistofur er líka víða að finna. Til dæmis má nefna snyrtistofuna á Sheraton og Beauty Tips sem bjóða upp á alla venjulega þjónustu, og þótt umgjörðin sé kannski ekki eins fin og við eigum að venjast, er þjónustan góð og verðlagið líka.

Það er engin hætta á að detta úr tengslum við umheiminn í Kampala. Hægt er að gerast áskrifandi að gervihnattasjónvarpi sem veitir aðgang að meira en fimmtíu sjónvarpsstöðvum, þar með talið stóru fréttastöðvunum eins og CNN og BBC auk nokkurra bíórása. Síma- og internettengingar eru líka mjög góðar í borginni og er því t.d. ekkert til fyrirstöðu að stunda fjarnám, standi hugur til þess.

Eftir því sem tækifæri gefst er hægt að ferðast innanlands eða utan. Úganda er rómað fyrir náttúrufegurð, fugla- og dýralíf er fjölbreytt og Úganda er eitt fárra landa þar sem górrill-



ur er að finna. Auðvelt er að ferðast til nágrennalandanna Kenýa og Tansaníu en í þessum löndum má finna þekktustu þjóðgarða Afríku, fjölbreytt mannlíf og fallegar strendur. Þjónusta við ferðamenn er almennt nokkuð góð í Kampala og auðvelt að skipuleggja ferðir í samvinnu við ferðaskrifstofur, hvort sem er innanlands eða til annarra landa.

STARFSMÖGULEIKAR

Það er tiltölulega auðvelt að fá atvinnuleyfi í Úganda, en ekki eru launuð störf á hverju strái. Það fer þó eftir starfsstéttum. Menntaðir kennarar hafa ráðið sig til starfa hjá alþjóðlegu skólunum og hjúkrunarfræðingar á heilsugæslustöðvarnar sem þjóna helst útlendingum. Launin sem boðið er upp á fyrir þessi störf eru þó ekki sambærileg við það sem þekktist á Íslandi. Eitthvað er líka um að fólk hafi fengið launuð störf hjá frjálsum félagsamtökum eða alþjóðastofnunum eftir að komið er til landsins en það byggir auðvitað á reynslu og fyrri störfum hvers og eins. Það er auðvitað tilhneiging til að ráða innlent starfsfólk sé þess kostur, og nóg framboð er af hæfum Úgandabúum. Það er líka möguleiki að vinna við sjálfboðaliðastörf hjá hinum ýmsu hjálparstofnunum og samtökum. Alltaf eru not fyrir fleiri hendur, hvort sem um faglærð eða ófaglærð störf er að ræða. Það er margt um að vera í Kampala sem fróðlegt og skemmtilegt er að taka þátt í og alveg óþarfi að sitja með hendur í skauti þótt ekki sé launaða vinnu að fá.

UNDIRBÚNINGUR

Þróunarsamvinnustofnun undirbýr starfsfólk sitt með ýmsum hætti áður en viðkomandi heldur af stað. Haldin eru sérstök námskeið fyrir þá sem eru að fara til starfa erlendis og mikilvægt er að öll fjölskyldan taki þátt í þeim og reyni að fá svör við sem flestum spurningum sem óneitanlega leita á hugann við svo mikil umskipti. ÞSSÍ reynir alltaf að hafa haldbærar nýjustu upplýsingar um land og þjóð og hefur til að mynda verið gefið út vand- að smárit um Úganda.

Það er líka mikilvægt að þeir einstaklingar sem hyggja á störf erlendis fyrir ÞSSÍ fái skýra mynd af því við hverju er að búast frá stofnuninni þegar á staðinn er komið og hvernig samskiptareglum er háttað, bæði í samstarfslandinu og á Íslandi. Stuðningur starfsfólks stofnunarinnar í starfslandinu er ómetanlegur við að stuðla að jákvæðri aðlögun nýkominna fjölskyldna.

LOKAORÐ

Það eru eflaust margar ástæður fyrir því að fólk tekur að sér störf í fjarlægum löndum. Ævintýrþrá spilar þar inn í, löngunin til að kynnast nýrri menningu og siðum og auðvitað löngunin að verða til einhvers gagns. Það að dvelja og starfa í þróunarlöndunum um árabíl skilur engan eftir ósnortinn og hefur áhrif á hvernig maður upplifir sitt eigið samfélag þegar heim er komið. Aðlögun fólks fyrstu mánuðina getur skipt sköpum fyrir framhald dvalarinnar og því ákaflega mikilvægt að fólk komi til starfa með opinn huga og jákvætt hugarfar til að takast á við það erfiða verkefni að setjast að í gjörólíku menningarumhverfi. Ef vel tekst til í byrjun á fólk fyrir höndum ákaflega lærdómsríkan tíma og einstaka upplifun.

HELSTU HEIMILDIR:

The EYE, a guide to Uganda
Smárit ÞSSÍ nr. 4: Uganda

Áhugaverðar vefsíður um Úganda:

Vefur um málefni Afríku vistaður hjá Stanford háskólanum. Þarna er að finna vefslóðir frá Úganda sem spanna allt frá ferðaskrifstofum til stjórnmálaflokka. Mjög góð slóð að heim-sækja til að fá tilfinningu fyrir því hvað er efst á baugi í landinu:

<http://library.stanford.edu.dpts/ssrg/africa/uganda.htm>

Vefsíður New Vision og Monitor, tvö úgandísk dagblöð sem skrifuð eru á ensku:

www.newvision.co.ug
www.monitor.co.ug



Þróunarsamvinnustofnun Íslands
Pósthólf 5330, 125 Reykjavík
Sími 545 8980 iceida@utn.stjr.is www.iceida.is

Apríl 2005